

Samkomulag um afnot af lóð L226798 við Hjálparfoss

Skógræktin kt. 590269-3449 og Skeiða og Gnúpverjahreppur kt. 540602-4410 gera hér með samkomulag um nýtingu lóðar L226798 við Hjálparfoss undir salernisaðstöðu fyrir ferðafólk.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur þegar gert samkomulag við Forsætisráðuneytið f.h. forsætisráðherra um afnotarétt í þjóðlendu þ.e. lóðaréttindi við Hjálparfoss í þjóðlendunni „Landgræðslusvæði í Þjórsárdal“. Er þetta samkomulag gert í framhaldi af því samkomulagi.

Umrædd starfsemi er ekki rekin með hagnaðarsjónarmiðum og eingöngu í þeim tilgangi að bæta aðstöðu ferðamanna á svæðinu. Leitað verður leiða til að fjármagna rekstur salernisaðstöðunar í samvinnu við stjórnvöld. Leitað verður eftir fjármagni til að ráða landvörð í sumarvinnu eða verktaka til að sinna rekstri og þrifum á salerninu.

Skógræktin mun nýta styrki frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og frá verkefnaáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegra minja til að flytja salernishús á svæðið, leggja vatns og raflagnir á staðinn auk þess að ganga frá rotþróm og aðkomu að húsinu.

Dags.

Fh. Skeiða og Gnúpverjahrepps

fh. Skógræktarinnar

Kristófer Tómasson

Hreinn Óskarsson